

**NEFND UM EFTIRLIT MEÐ LÖGREGLU**

Borgartún 29, 105 Reykjavík

Sími: 545 8800

Netfang: nel@nel.is

Heimasíða: www.nel.is

**Skýrsla  
nefndar um eftirlit með lögreglu  
Árið 2021**

**Reykjavík, 15. febrúar 2023**

## Efnisyfirlit

1. Inngangur .....	2
2. Skipun nefndar um eftirlit með lögreglu.....	2
Samkvæmt 35. gr. lögreglulaga nr. 90/1996, sbr. 1. gr. laga nr. 62/2016, er nefnd um eftirlit með lögreglu skipuð með eftifarandi hætti: .....	2
3. Hlutverk nefndar um eftirlit með lögreglu .....	3
3.1 Starf- og greining nefndarinnar .....	4
4. Almennt um verkefni og aðstæður lögreglu – ályktanir nefndarinnar.....	4
4.1 Fjöldi mála .....	5
4.2 Staða mála 31. desember 2021 .....	6
4.3 Málsmeðferð nefndarinnar.....	6
4.4 Embætti sem mál varðar .....	7
4.5 Málsmeðferðartími .....	8
4.6 Málum lokið frá stofnun nefndarinnar til ársins 2021.....	9
4.7 Frumkvæðisathuganir. ....	10
5. Yfirlit um starfsemi ársins 2021.....	10
5.1 Skipulag og starfsaðstaða .....	10
5.2 Yfirlit yfir fundi nefndarinnar.....	10
5.3 Fjármál nefndarinnar .....	10

## 1. Inngangur

Nefnd um eftirlit með löggreglu tók til starfa þann 1. janúar 2017, við gildistöku laga nr. 62/2016, um breytingu á löggreglulögum nr. 90/1996. Meginbreyting fyrrnefndra laga var stofnun nefndarinnar með það fyrir augum að auðvelda almennum borgurum að koma á framfæri kvörtunum vegna starfsaðferða eða framkomu löggreglu, kærum á hendur löggreglumönnum fyrir ætluð refsverð brot og jafnframt að stuðla að því að mál fái viðeigandi meðferð innan stjórnsýslunnar. Þannig þurfi almennir borgarar ekki að vera í vafa hvert eigi að leita með aðfinnslur við störf löggreglu þó svo að einnig sé hægt að koma þeim að hjá löggregluembættum landsins sem og héraðs- og ríkissaksóknara. Þá var nefndinni falið með fyrrnefndum lögum að taka til athugunar mál þegar borgari slasast eða lætur lífið í lögregluaðgerð. Loks getur nefndin tekið mál upp að eigin frumkvæði.

Nefndin hefur nýlega lokið fimmta starfsári sínu og almennt hefur starfsemin gengið vel. Er sú skýrla sem birtist hér jafnframt fimmta ársskýrla nefndarinnar. Nefndin hefur aðsetur í Borgartúni 29<sup>1</sup> og hefur haft lögfræðing í fullu starfi frá 1. janúar 2018. Símatími lögfræðings nefndarinnar er alla virka daga frá kl. 10:00 til 11:00. Það er mat nefndarinnar að hún þarfnið að minnsta kosti stöðugildi eins lögfræðings á næstu misserum miðað við óbreytt verkefnaálag, ekki síst til að stytta málsmeðferðartíma nefndarinnar. Hvort rétt sé talið að auka slagkraft nefndarinnar umfram það, m.a. til þess að geta tekið mál til umfjöllunar að eigin frumkvæði í auknum mæli ásamt því að efla valdheimildir nefndarinnar er háð pólitískri stefnumótun og fjárveitingum. Nefnd um eftirlit með löggreglu hefur komið á framfæri tillögum sínum til dómsmálaráðuneytisins ásamt tillögum um eitt starfsgildi til viðbótar.

## 2. Skipun nefndar um eftirlit með löggreglu

Samkvæmt 35. gr. löggreglulaga nr. 90/1996, sbr. 1. gr. laga nr. 62/2016, er nefnd um eftirlit með löggreglu skipuð með eftirfarandi hætti:

- „1. Ráðherra skipar nefnd sem hefur eftirlit með störfum löggreglu. Nefndin er sjálfstæð stjórnsýslunefnd og er ekki unnt að skjóta ákvörðunum hennar til æðra stjórnvalds.
2. Nefndin skal skipuð þemur mönnum og jafnmörgum til vara. Nefndarmenn skulu hafa lokið embættis- eða meistaraprófi í lögfræði. Mannréttindaskrifstofa Íslands tilnefnir einn nefndarmann, Lögmannafélag Íslands annan en ráðherra skipar þann þriðja án tilnefningar og skal hann jafnframta vera formaður nefndarinnar. Varamenn skulu tilnefndir og skipaðir á sama hátt. Nefndarmenn skulu skipaðir til fjögurra ára í senn. Formaður ræður starfsmenn eftirlitsnefndar. Ráðherra ákveður laun og önnur starfskjör nefndarmanna.“

Aðalmenn í nefndinni árið 2021 voru eftirtaldir: (1) Skúli Þór Gunnsteinsson, lögfræðingur í Samgöngu- og sveitastjórnarráðuneytinu, tilnefndur af ráðherra og formaður nefndarinnar. (2) Þorbjörg Inga Jónsdóttir lögmaður, tilnefnd af Mannréttindaskrifstofu Íslands, og (3) Kristín Edwald lögmaður, tilnefnd af Lögmannafélagi Íslands. Varamenn eru eftirtaldir: (1) Margrét Einarsdóttir, professor, tilnefnd af ráðherra og er varafirmaður nefndarinnar, (2) Flosi Hrafn Sigurðsson lögmaður, tilnefndur af Mannréttindaskrifstofu Íslands, og (3) Grímur Sigurðarson lögmaður, tilnefndur af Lögmannafélagi Íslands.

<sup>1</sup> Nefndin flutti aðsetur sitt þann 1. desember 2022.

Nefndarmenn sinna nefndarstörfum samhliða öðrum störfum sínum og eru allir nefndarmenn í fullri vinnu annars staðar. Fastráðinn starfsmaður nefndarinnar var kjörinn alþingismaður á árinu 2021 og óskaði eftir leyfi frá störfum, með vísan til 4. gr. laga nr. 88/1995, sem orðið var við.

Nánari upplýsingar um nefndina og starfsemi hennar má finna á heimasíðu nefndarinnar; [www.nel.is](http://www.nel.is). Upplýsingar um helstu verkefni ársins 2021 og um rekstur nefndarinnar má jafnframt finna í yfirliti í kafla 5.

### **3. Hlutverk nefndar um eftirlit með löggreglu**

Hlutverk nefndar um eftirlit með löggreglu felst í stuttu máli í að taka við erindum sem henni berast, greina þau og senda áfram til viðeigandi embætta til úrvinnslu. Nefndin getur einnig vísað málum frá ef þau heyra ekki undir valdsvið nefndarinnar eða ekki talið tilefni til að aðhafast frekar í málínu á grundvelli gagna frá viðkomandi embætti. Nefndin fylgist með því að mál fái úrvinnslu hjá öðrum stjórnvöldum, það er fyrst og fremst hjá handhöfum ákærvalds og/eða innan viðeigandi löggregluembætta. Þegar máli er lokið og niðurstaða liggur fyrir getur nefndin sent frá sér ákvörðun eða tilmæli sem þó eru ekki bindandi að lögum. Nefndin hefur engar rannsóknarheimildir en hefur þó viðtækar heimildir til að afla gagna frá handhöfum ákærvalds og löggregluembættum landsins, sbr. 5. mgr. 35. gr. a, löggreglulaga nr. 90/1996, sbr. 1. gr. laga nr. 62/2016. Samkvæmt ákvæðinu er ríkissaksóknara, héraðssaksóknara og löggreglustjórum, þ.m.t. ríkislöggreglustjóra, skylt að afhenda nefndinni þær upplýsingar sem hún þarf til að sinna starfsskyldum sínum. Nefndin hefur ekki heimildir til að hlutast til um niðurstöðu mála eða meðferð þeirra hjá þeim embættum sem fara með þau.

Mál sem fóllu undir nefndina mátti skipta í fjóra flokka fram til 8. júní 2021 er lög nr. 50/2021 tóku gildi : (1) mál sem varða mögulega eða ætlaða refsiverða háttsemi löggreglumanna, (2) mál þar sem löggreglumenn hafa mögulega sýnt af sér ámælisverða háttsemi án þess að hún sé refsiverð, (3) mál þar sem einstaklingur lætur lífið eða verður fyrir líkamstjóni í tengslum við störf löggreglu, óháð því hvort mögulega sé um að ræða refsiverða eða ámælisverða háttsemi af hálfa löggreglunnar og svo (4) mál sem varða verklag, starfshætti eða aðbúnað löggreglu í víðara samhengi, sjá 1. mgr. 35. gr. a löggreglulaga nr. 90/1996, sbr. 1. gr. laga nr. 62/2016. Þann 8. júní 2021 var þriðji flokkurinn sem nefndur er hér að ofan færður undan valdsviði nefndarinnar og heyrir nú alfarið undir héraðssaksóknara.

Ástæða er til að vekja sérstaka athygli á því að nefndin endurskoðar ekki eða fjallar almennt um mat löggreglu á beitingu úrræða á grundvelli löggreglulaga eða almennt um framkvæmd rannsóknar sakamála, beitingu rannsóknarúrræða eða um ákvarðanir handhafa ákærvalds um það hvort rétt sé að gefa út ákæru í máli. Heyrir slíkt eftirlit undir embætti Ríkissaksóknara sbr. 21. gr. laga um meðferð sakamála nr. 88/2008.

Í þeim tilvikum er nefndin vísar málum áfram til meðferðar hjá handhöfum ákærvalds og/eða löggreglustjórum landsins, getur sá tími frá því að nefndin gefur út ákvörðun þar sem farið er fram á frekari meðferð og þar til nefndin telur að málið hafi fengið fullnægjandi meðferð, verið umtalsvert langur. Ræðst málsmeðferðartíminn fyrst og fremst af því hversu langan tíma það tekur viðkomandi embætti að afgreiða málín til nefndarinnar. Þetta er einnig ástæðan fyrir því að það hefur tekið nefndina langan tíma að fá yfirsýn yfir umfang þeirra málefna sem henni er

ætlað að hafa eftirlit með. Nú er slík reynsla komin og ljóst er að rýmka þarf málsmeðferðartíma nefndarinnar svo henni sé unnt að greina og koma með skýrar ákvarðanir með hliðsjón af málsatvikum öllum og gögnum sem berast frá löggreglustjóra og ákærvaldi.

### *3.1 Starf- og greining nefndarinnar*

Nefnd um eftirlit með löggreglu setti sér starfsreglur árið 2017 sem voru síðar aðlagðar í samræmi við aukna greiningarvinnu og breytta starfshætti nefndarinnar í október 2019.

Þegar nefndinni berst erindi, sbr. 35. gr. a. laga nr. 90/1996, tekur starfsmaður nefndarinnar á móti því, staðfestir móttöku og kannar hvort efni þess sé fullnægjandi til þess að nefndin geti tekið ákvörðun og óskar eftir viðbótargögnum og skýringum þar sem það á við. Kannað er hvort rannsóknarhagsmunir krefjist þess að sönnunargögn verði varðveitt og ef svo er gerir nefndin viðeigandi ráðstafanir í því efni og sendir beiðni um afhendingu gagna og varðveislu sönnunargagna. Nefnd um eftirlit með löggreglu leggur mikið upp úr að gagnaöflun, greining og ákvarðanir einkennist af nákvæmni og endurspegli vönduð vinnubrögð. Þegar nefndin hefur aflað allra viðeigandi gagna frá ákærvalds- og löggæsluembættum, þar með taldar upptökur, þar sem þær eru að finna í upplýsingakerfum löggreglu, greinir nefndin erindið og fyrirliggjandi gögn. Í einstaka tilfellum, þar sem það á við, hafa nefndinni verið sendar upptökur úr eftirlitsmyndavélu; til dæmis á Austurvelli og á Laugavegi, upptökur úr snjallsímum tilkynnanda/borgara og eftir atvikum fjölmiðla.

Þegar ákvörðun hefur verið tekin er hún kynnt kvartanda og viðkomandi löggregluembætti með ósk um að embættið kynni viðkomandi löggreglumönnum niðurstöðu ákvörðunarinnar. Að því loknu, hafi nefndin vísað máli til þóknunlegrar meðferðar til ákærvalds- eða löggæsluembættis, fylgist nefndin með afdrifum málsins, meðal annars því að hinn þriggja mánaða tímafrestur sem tilgreindur er í reglum nr. 222/2017 sé virtur. Nefndin innir embætti eftir niðurstöðu, að jafnaði, innan 10 daga frá því að þriggja mánaða tímafresturinn er liðinn. Þegar niðurstaða embættis liggur fyrir er lagt mat á það hvort tilefni sé til frekari viðbragða af hálfu nefndarinnar, þá í formi sérstakrar ákvörðunar. Að málsmeðferð lokinni er tilkynnanda og viðkomandi embætti tilkynnt um málalyktir nefndarinnar með formlegum hætti.

### **4. Almennt um verkefni og aðstæður löggreglu – ályktanir nefndarinnar.**

Svo sem fram hefur komið í fyrri skýrslum hefur nefndin gert sér far um að heimsækja löggregluembætti til að kynnast embættunum betur og auka skilning á starfi nefndarinnar. Nefndin hefur lokið við eina hringferð um landið en hefur í hyggju að halda áfram að heimsækja embætti. Heimsfaraldurinn setti strik í reikninginn og því hefur nefndin ekki hafið aðra hringferð um landið en vonir standa til þess að næstu ár verði betur til þess fallin.

Eins og getið er í ársskýrslu 2020 hefur heimsfaraldurinn haft áhrif á störf löggreglu og árið 2021 varð því miður ekki breyting þar á. Löggreglumenn þurftu eftir sem áður að gæta að sóttvörnum við störf sín og það reynir á í erilsömu starfi. Þá komu upp tilvik þar sem löggreglumenn þurftu að fara í sóttkví vegna starfa sinna með tilheyrandí á lagi á aðra löggreglumenn.

Kvartanir og tilkynningar sem berast nefndinni eru tiltölulega fjölbreyttar. Margar þeirra eru með öllu tilhæfulausar og varpa ljósi á að löggreglumenn er í flestum tilvikum að vinna störf sín samkvæmt reglum og framkoma þeirra er almennt í samræmi við lög um réttindi og skyldur starfsmanna ríkisins og löggreglulög. Það eru þó nokkur almenn atriði sem ástæða er til að vekja sérstaka athygli á.


Í fyrsta lagi er óásættanlegt hversu oft er við framkvæmd lögreglustarfa slökkt á búkmyndavélum, kveikt er á þeim of seint eða að upptakan virkar ekki sem skyldi. Notkun þessara öryggistækja fer þó hægt batnandi og sum löggregluembætti eru til fyrirmynadar þegar kemur að notkun þeirra. En betur má ef duga skal.

Í öðru lagi telur nefndin ástæðu til að vekja athygli á hvernig afhendingu gagna til nefndarinnar er háttað. Í 6. tl. 35. gr. a lögreglulaga er kveðið á um að ríkissaksóknara, héraðssaksóknara og lögreglustjórum, þ.m.t. ríkislöggreglustjóra, sé skylt að afhenda nefndinni þær upplýsingar sem hún þarf til að sinna starfsskyldum sínum. Þannig er það nefndarinnar að ákveða hvaða gögn hún þarf til að hún geti sinnt starfsskyldum sínum en ekki framangreindra embætta. Þá kemur fram í lögreglulögum að nefndin sé bundin þagnarskyldu skv. X. kafla [stjórnsýslulaga, nr. 37/1993](#). Nefndin er einnig bundin þagnarskyldu um efni gagna og upplýsinga sem hún fær frá ákærvalds- og löggæsluembættum á sama hátt og starfsmenn þeirra embætta. Þrátt fyrir þetta eru sum löggregluyfirvöld, treg til að afhenda nefndinni gögn og vísa til þess að mál séu í rannsókn. Ljóst er að rannsóknartími löggreglu er langur, jafnvel í minniháttar málum og getur verið nokkur ár. Nefndin þarf gögn til að sinna störfum sínum og hefur mjög ríkar heimildir til að afla gagna og í því felst styrkur hennar. Taka má fram að nefndin vísar öllum beiðnum um gagnaafhendingu til þeirra embætta sem gögnin stafa frá.

Í þriðja lagi fær nefndin oft kvartanir vegna langs málsmeðferðartíma hjá löggreglu og ákærvaldi. Slíkar kvartanir heyra ekki undir valdsvið nefndarinnar og er þeim því vísad frá. Nefndin telur engu að síður brýnt að benda á þá bagalegu stöðu sem til staðar er innan réttarvörslukerfisins og lýtur að óhæfilega lönugum málsmeðferðartíma sakamála. Nefndin verður ítrekað vör við framangreindan ágalla í störfum sínum og telur að hagmunir bæði brotaþola og sakbornings krefjist þess að gera verði betur.

#### 4.1 Fjöldi mál


Árið 2021 komu samtals 102 mál til meðferðar nefndar um eftirlit með löggreglu. Fjöldi innkominna mál skiptist með eftirfarandi hætti á milli mánaða:



Eins og sjá má er málafjöldinn hvað mestur í mars og ágúst. Árið 2020 var málafjöldinn mestur í október og nóvember.

#### 4.2 Staða mála 31. desember 2021


Staða mála sem heyra undir nefnd um eftirlit með lögreglu var með eftirfarandi hætti við áramótin 2020/2021:



Taflan hér að framan hefur að geyma upplýsingar um stöðu mála hjá nefndinni þann 31. desember 2021. Mál sem biðu greiningar nefndarinnar voru alls 76. Undir floknum „Mál sem nefndin hefur sent áfram til meðferðar eða fengið tilkynningu um frá lögreglu eða ákærvaldi“ voru málin alls 83 þar með talin eru mál sem send hafa verið áfram og meðferð þess ekki lokið af hálfu nefndarinnar. Við lok árs 2021 hafði nefndin lokið meðferð 108 mála ýmist með ákvörðun eða athugun nefndarinnar á tilefni til eftirfylgni.

#### 4.3 Málsmeðferð nefndarinnar


Hér að neðan má sjá yfirlit yfir hver málsmeðferð nefndarinnar var og afdrif mála eftir mánuðum ásamt útlistun á því undir hvaða embætti málin falla.




Á myndinni hér fyrir ofan er tíundað hve margar kvartanir og kærur bárust nefndinni, hversu margar ákvarðanir voru teknar um að framsenda mál, hversu mörg mál nefndin lauk umfjöllun

## NEFND UM EFTIRLIT MEÐ LÖGREGLU

um, ákvarðanir nefndarinnar um að hefja frumkvæðisathugun og þær frumkvæðisathuganir sem nefndin lauk umfjöllun um.



Ofangreind línurit sýnir fjölda þeirra erinda sem voru send til þóknanlegrar meðferðar eftir mánuðum.




Hér má sjá afdrif þeirra mála sem tekin voru til umfjöllunar og ákvörðunar á fundum nefndarinnar árið 2021. Þau mál sem nefndin sendi ekki áfram til frekari meðferðar eru alls 55 á móti 24 málum sem send voru til frekari meðferðar. Í tveimur málum beindi nefndin tilmælum annars vegar til ríkislöggreglustjóra og hins vegar til bæði ríkislöggreglustjóra og Lögreglustjórans á höfuðborgarsvæðinu.

### 4.4 Embætti sem mál varðar

Hér að neðan má sjá yfirlit yfir þau embætti sem innkomin mál féllu undir. Tölur sem varða hvert embætti lýsa því hvar viðkomandi starfsmaður var starfandi sem kvartað var yfir eða eftir atvikum lögð fram kæra vegna.


### Embætti sem málin varðar

\*Sum mál varða fleiri en eitt embætti, t.d. frumkvæðismál NEL og eru þau með í þessum tölum.



Til skýringar skal nefnt að ef mál varðar lögreglumann hjá tilteknu lögreglustjóraembætti og mögulega er um refsivert athæfi að ræða, þá er það mál sent héraðssaksóknara til meðferðar. Ef málið er ekki refsímál, heldur agamál, er það sent þeim lögreglustjóra sem er yfirmaður viðkomandi lögreglumanns.

### Mál áframsend til meðferðar




\*Sum mál varða fleiri en eitt embætti.

#### 4.5 Málsmeðferðartími


Samkvæmt 5. gr. reglna nr. 222/2017 um nefnd um eftirlit með lögreglu skal nefndin hraða meðferð máls eins og kostur er og að jafnaði ljúka meðferð þess innan mánaðar frá móttöku erindis. Meðalmálsferðartími var 220 dagar samanborið við árið á undan en þá var hann 236 dagar. Árið 2019 var hann 193 dagar.

Eins og fram hefur komið í fyrri skýrslum nefndarinnar er ljóst að langt er í land við að ná málferðartímanum niður í einn mánuð, sérstaklega í ljósi þess hve langan tíma tekur að fá nauðsynleg gögn afhent frá löggregluembættum. Þá eykst fjöldi innkominna mála hjá nefndinni með hverju árinu og er því ljóst að til þess að ná fram markmiði reglugerðarinnar, er jafnframt nauðsynlegt að auka stöðugildi nefndarinnar. Með hliðsjón af framangreindri þróun telur nefndin að raunhæfara markmið hvað varðar almennan málsméðferðartíma væru 3 mánuðir.




#### *4.6 Málum lokið frá stofnun nefndarinnar til ársins 2021.*

Árið 2017 lauk nefndin umfjöllun 22 mála, 46 mála árið 2018, 75 mála árið 2019, 98 mála árið 2020 en árið 2021 lauk nefndin umfjöllun um 108 mál í heildina. Er því ljóst að afköst og skilvirkni nefndarinnar hafa aukist jafnt og þétt.



#### *4.7 Frumkvæðisathuganir.*

Neðangreind tafla gerir grein fyrir þeim fjölda mála sem nefndin ákvað að taka til athugunar að eigin frumkvæði. Eins og sjá má hefur dregið heldur úr þeim fjölda frá árinu áður. Frumkvæðisathuganir nefndarinnar varða misjöfn atriði/atvik, stór sem smá, sem ella hefðu verið látin óáreitt. Athuganirnar eru til þess fallnar að veita verklagi og störfum löggreglu aukið aðhald og rými til bóta.



### *5. Yfirlit um starfsemi ársins 2021*

#### *5.1 Skipulag og starfsaðstaða*

Heimasíða nefndarinnar er á slóðinni [www.nel.is](http://www.nel.is). Á heimasíðunni er að finna eyðublöð fyrir tilkynningar til nefndarinnar, á íslensku, ensku og pólsku, ásamt nánari upplýsingum um málsmeyferð, hlutverk og skipan nefndarinnar auk tölfraði yfir málafjölda nefndarinnar.

Hægt er að hafa samband við nefndina með því að senda tölvupóst á [nel@nel.is](mailto:nel@nel.is) eða bréfpóst á heimilisfangið: Nefnd um eftirlit með löggreglu, Borgartún 29, 105 Reykjavík. Þá var hægt að hafa samband símleidis við lögfræðing nefndarinnar á símatíma sem var milli kl. 10 og 11 alla virka daga árið 2021.

#### *5.2 Yfirlit yfir fundi nefndarinnar*

Formlegir fundir nefndarinnar á árinu 2021 voru samtals 17. Nefndin tók 89 ákvarðanir á starfsárinu um erindi sem bárust nefndinni í formi kvartana eða kærumála og kom þeim til meðferðar innan löggreglu eða ákæruvalds eftir því sem við átti. Nefndin fjallaði þar að auki um 19 mál sem hún fékk til skoðunar eftir að meðferð þeirra lauk hjá löggreglu eða ákæruvaldi.

#### *5.3 Fjármál nefndarinnar*

Ráðherra ákveður þóknun nefndarmanna. Allir aðalmenn í nefndinni vinna að verkefnum hennar í hlutastarfi á grundvelli fastrar þóknunar. Föst þóknun formanns á mánuði er um 200.000 kr. og er þar um heildarlaun að ræða. Aðrir aðalmenn í nefndinni fá helming þeirrar þóknunar. Formaður hefur samkvæmt lögum það hlutverk að ráða starfsmenn nefndarinnar. Starfsmannamál og daglegur rekstur eru því í meira mæli á hans herðum en annarra nefndarmanna. Þar sem starfsmaður er aðeins einn þá hefur það jafnframt verið hluti af verkefnum formanns að hafa innsýn í skipulag og gang verkefna hjá starfsmanninum og taka

## NEFND UM EFTIRLIT MEÐ LÖGREGLU

beinan þátt í skrifum bréfa og ákvarðana. Varamenn fá greidda þóknun fyrir þá fundi sem þeir sækja.

Heildarkostnaður vegna reksturs nefndarinnar árið 2021 nam 22.839.063 kr. Stærstur hluti kostnaðarins voru laun og launatengd gjöld, en samtals nam sá kostnaðarliður á árinu 20.772.299 kr. Var þar um að ræða laun og launatengd gjöld fyrir fastan starfsmann nefndarinnar, laganema sumarið 2021 og tímabundna ráðningu starfsmanns ásamt launum nefndarmanna. Annar kostnaður var rúmlega 2 milljónir kr. Þar var um að ræða kostnað vegna leigu á skrifstofu, afnotagjöld vegna hýsingar á vefsíðu nefndarinnar, kostnað vegna ferðalaga nefndarmanna og starfsmanns innanlands, kostnað vegna námskeiða og annars tilfallandi kostnaðar vegna skrifstofubúnaðar.

Reykjavík,  
15. febrúar 2023

*Margrét Einarsdóttir*

Margrét Einarsdóttir  
varaformaður

*Kristín Edwald*

Kristín Edwald

*Porbjörg Jónsdóttir*

Porbjörg Jónsdóttir